



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Eva Margrét Ævarsdóttir
150 Reykjavík

24. nóvember 2003

Efni: Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, X mál.

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 31. október 2003.

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um verndun hafs og stranda. Samtökin hafa áður lagt fram athugasemdir í bréfi dagsett 12. mars 2002, sem að einhverju leyti verða endurteknar hér.

Stjórn Landverndar telur heppilegt að **lögin byggi á þeirri grundvallarreglu að öll losun í hafið sé bönnuð**, en tilgreina síðar undanþágur sem veittar eru frá þeirri reglu jafnframt sem stjórnvöldum verði heimilað að veita undanþágu frá þessari reglu við tilteknar aðstæður. Með þessari breytingu yrði framsetning ákvæða í 8. gr. um losun í hafið sambærileg við ákvæði um varp efna og lagnir sæstrengja og neðansjárleiðslna (sjá 9. gr.).

Í 8. gr. væri æskilegt að girða fyrir losun kjölvatns frá öðrum hafssvæðum, en með kjölvatni geta borist framandi lífverur sem geta umturnað vistkerfum. Þetta mál var til umfjöllunar á aðalfundi Landverndar s.l. vor og fylgir þessu bréfi ályktun fundarins.


Í 9. gr. er fjallað um bann við því að varp efnnum og hlutum í hafið. Stjórn Landverndar telur mikilvægt að þessi liður nái einnig til **losunar og urðunar efna við strandir**, þar sem úrgangur kemst í snertingu við sjó. Fyrsta setning 9. gr. hljóðaði þannig:

“Varp efna og hluta í hafið og losun og urðun efna við strandir er óheimil.”

Í lið b. 9. gr. er fær Umhverfisstofnun heimild til að leyfa að varpa náttúrlegum, óvirkum efnnum sem samsett eru úr efnnum sem talið er ólíklegt að losni út í hafsvæði. Stjórn Landverndar gengur út frá því að þetta ákvæði þýði að óheimilt sé að varpa efnnum í hafið nema sýnt hafi verið fram á með vísindalegum gögnum að viðkomandi efni komi ekki til með að losna og berast út í hafsvæðið. Stjórn Landverndar leggur því til að liður b í 9. gr. verði:

Náttúrulegum óvirkum efnnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnnum sem ekki losna út í hafsvæðið.

Spurningin um áhrif veiðafæra og framkvæmda á hafsbotn og lífríkið á hafsbotninum hafa verið mikið til umræðu undanfárin misseri. Stjórn Landverndar hvetur Alþingi til að kanna vel hvort ekki sé skynsamlegt að lög um verndun hafs og stranda kveði á um með hvaða hætti koma megi í veg fyrir eða takmarka framkvæmdir og veiðar sem valda skaðlegum breytingum á hafsbotni. Í þessu sambandi má benda á ákvörðun um verndun búsvæða í hafinu (habitat) sem samþykkt hefur verið innan OSPAR-samningsins.

Virðingarfyllst,
Tryggvi Felixson 
framkvæmdastjóri Landverndar

Aðalfundur Landverndar 17. maí 2003

Tillaga stjórnar:

Landvernd hvetur íslensk stjórnvöld til að grípa til aðgerða til að takmarka skaðleg áhrif af völdum fljótandi kjölfestu.

Landvernd hvetur íslensk stjórnvöld til að:

1. bregðast skjótt við og setja reglur um losun sjókjölfestu skipa í höfnum landsins og tryggja að öll skip sem koma hingað til lands með sjó sem kjölfestu fari eftir þeim,
2. hefja þegar úttekt á losun fljótandi kjölfestu skipa hér við land, og flutningi lífvera með henni, og
3. að vinna að því að ljúka gerð alþjóðlegs samnings um meðferð fljótandi kjölfestu skipa.

Greinargerð:

Innflutningur ágengra framandi lífvera í ný heimkynni með fljótandi kjölfestu hefur verið skilgreindur sem ein af fjórum mestu ógnum heimshafanna. Hinar ógnirnar eru mengun frá landi, ofnýting fiskimiðanna og eyðilegging búsvæða í hafinu.

Vitað er að framandi lífverur í fljótandi kjölfestu geta lifað margar vikur og mánuði undir siglingu og ná að þrífast í nýjum heimkynnum. Slíkar lífverur eiga oft enga náttúrulega óvini í nýja staðnum og hafa á stundum langvarandi áhrif á lífríkið, heilsufar, fiskveiðar og afþreyingu ferðamanna.

Við vaxandi skipaferðir til landsins vegna flutninga til og frá nýjum og stækkandi stóriðjufyrirtækjum hér á landi eykst þessi hættu til muna. Vitað er að sjúkdómar hafa borist með sjókjölfestu í laxeldiskvíar í Færeyjum. Nýtt og vaxandi sjókvíaeldi lax og þorsks, m.a. á Austfjörðum, ásamt villtum laxastofnum er hættu búin ef slíkir sjúkdómar berast hingað til lands.

Ástand þessara mála er með öllu óþekkt hér við land. Engar úttektir hafa farið fram á umfangi losunar fljótandi kjölfestu eða hvort og þá hvaða lífverur berast með kjölfestuvatni og hvaðan þær eru upprunnar.

Á vegum Alþjóða siglingamálastofnunarinnar (IMO) hefur undanfarin ár verið unnið að gerð alþjóðlegs samnings um stýringu á notkun fljótandi kjölfestu til þess að lágmarka flutning skaðlegra lífvera milli hafsvæða. Stefnt er að frágangi samningsins snemma á næsta ári en mikið mun þó vera ófrágengið í þeim málum.

Ítarefni:

<http://globallast.imo.org>